

**Fundargerð stjórnar BÍS 01/2016, miðvikudaginn 20. janúar 2016 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.**

**Mættir:**

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs og Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs. Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðslaráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, tengiliður upplýsingaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs, Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

**Fjarverandi:** Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri

**Dagskrá:**

- 1) Setning: Bragi óskaði fólki gleðilegs nýs árs með þökk fyrir gott samstarf á liðnu ári. Hann fagnaði nýju ári og öfluglu starfi.
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
- 3) Yfirlit stjórnarmanna:
  - a) Bragi: Fór í nýársboð á Bessastaði þar sem starfsfólk frá Mentor leitaði hann uppi og þakkaði skátunum sérstaklega fyrir mjög gott starf. Það þarf að skoða stefnumótun á Úlfljótsvatni. HS sér um málið og öflun gagna. Fararstjórnargögn v/landsmóts eru í vinnslu. Ásta hjá Æskulýðsvettvangi bað um leyfi til að nálgast upplýsingar rafrænt hjá Sakaskrá um sjálfbóðaliða og starfsfólk. Það er ekki auðvelt að nálgast svar en Bragi leggur til að við reynum að fá Sakaskrá í samstarf að finna lausn, kerfið er of þungt í vöfum eins og það er. World Scout Foundation kemur ekki í heimsókn til landsins en það koma aðilar frá þeim í heimsókn til að skoða og sýna gott skátastarf, m.a. með því að sjá hvernig við þjálfum fólk til starfa í björgunarsveitum hjá Landsbjörgu. Þeir eru reiðubúnir til að halda leiðtogaráðstefnu meðan þeir eru á landinu. Þeir gáfu líka vilyrði fyrir „Solidary Fund Raising“. Fór á skemmtilegt Gilwell reunion í vikunni, ágæt þátttaka. Er að vinna að því að fá góðan stuðning hjá Eimskip sem mun væntanlega nýtast best í allskonar flutningi bæði fyrir landsmót og WSM. Bragi fundaði einnig með Landsbjörgu um mögulega samstarfsfleti.
  - b) Kristinn: Unnið í að afla tekna fyrir félagsstarfið. Skoðað þjóðþrif og ýmsar væringar í breytingum á tekjum v/Endurvinnslunnar þar sem þjónustugjald Skátanna hefur verið lækkað. Reynt verður að ná fram sparnaði á móti lækkuðum tekjum. Skynjarar í söfnunargámunum virka vel og hjálpa til við hagnýtan rekstur. Stefnt er að því að setja upp gáma á fleiri stöðum, bæði gámastöðum og hjá Olís sem við erum með samstarfssamning við. Við þróum áfram okkar þjónustu, erum m.a. með tilraunaverkefni með Landspítalanum. Jólatrén gengu vel í ár, kanna hve mikið við viljum kaupa inn fyrir næsta ár til

- að stækka við okkur og auka söluna. Nýr styrktarpinni er í burðarliðnum, skátaskálarnir verða settir á merkið og stutt saga skálans send með í bréfi.
- c) Jón Þór: Þrjár ferðir verða á vegum BÍS á næsta ári, þrír flokkar fara á Eurominijam, Auður djúpúðga verkefnið er í vinnslu og kynningar á WSM eru í fullum gangi. Komin er út skýrsla um kynjamál í skátastarfi sem kemur vel út hjá skátum. Ábendingar hafa komið um útgefið efni og ítrekað að hafa jafnvægi í kynjahlutföllum á myndum. NSK ársfundur og FOSEfundur (Friends of Scouting Europe) verður haldið sömu helgi í september. IC-Forum fyrir alþjóðaráð ýmissa landa var í Póllandi síðustu helgi. Sameiginlegt plan Evrópustarfs er ekki komið. Á fundinum í Póllandi var unnið að kynningu á framboði Huldu Sólrúnar Guðmundsdóttur. Samstarfsverkefnið við Pólland um fjármagnslæsi heldur áfram. Þegar opnað var fyrir skráningu á WSM í Póllandi og Bretlandi fylltist skráningarkvótinn á nokkrum dögum. Erlendir skátar tala mikið um að kynning á WSM séu mjög öflug og góð. Mikil ásókn er í heimsóknir til landsins og margir flokkar og félög erlendis frá vilja koma í ýmsum tilgangi og hitta íslenska skáta. Nordic Input Weekend verður á Úlfjótssvatni í mars. Undirbúningshelgi WSM verður fyrstu helgina í febrúar.
  - d) Ólafur: Þrettándagleði Gilwellteymisins var fyrir stuttu og tókst vel, rúmlega 30 manns mættu. Gilwell tíðindi eru send út rafrænt. Gilwell 1. skref haldið sl. laugardag með 24 þátttakendum. Góður hópur, breiður í aldri og bakgrunni. Það þarf að prenta út nýja leiðabók fyrir Gilwell, tækifærið verður nýtt til að setja inn breytingar og uppfærslur. Moodle rafræna námskerfið hefur verið tekið upp í Gilwell þjálfuninni og heldur það utan um nemendur og gögn.
  - e) Heiður: Námskeiðið „Ungir talsmenn“ var um helgina. Það gekk mjög vel en utanaðkomandi fyrirlesarar boðuðu forföll með stuttum fyrirvara svo það varð að breyta dagskrá snarlega. Þátttakendur voru mjög ánægðir með námskeiðið og vilja vinna áfram í kynningum fyrir skátastarfið. Stefnt er að því að nýta reynslu þeirra og krafta. Aldurinn var 16-22 ára, kynjahlutföll jöfn og nokkuð jöfn skipting á félög. Bragi heimsótti námskeiðið og vakti það mikla lukku. Þátttakendur unnu að samskiptaáætlun fyrir skátana og eru drög langt komin. Vinna í búningareglugerð er langt komin, verður send inn fyrir næsta stjórnarfund. Það verða ekki miklar breytingar heldur uppfærsla á upphaflegri reglugerð.
  - f) Una: Dagskrárráð fundaði sl. mánudag og eru að leita að mótsstjóra fyrir drekaskátamótið. Búin að senda út auglýsingu fyrir rekka- og róverráðgjafa. Margir viðburðir eru framundan, stefnt er að því að bjóða upp á einn rekkaskátaviðburður í hverjum mánuði, næst á dagskrá er ljósmyndaáskorun í febrúar. Ungmennahúsið er á döfinni, dagatalið er í lokavinnslu ofl. Vinnudagur verður í ráðinu næsta sunnudag: forsetamerkið, dæmasafn (best practice), dagskrárvefur m.m.
  - g) Fríður: Fyrsti fundur félagaráðs í sl. viku, farið yfir stöðu á heimsóknum og hvað er eftir. Vinnufundur á morgun með vinnuhópum. Mikið komið inn í gagnabankann fyrir gæða- og matskerfi í félögunum. Var í Póllandsferð með Jóni Þór, m.a. í kosningakynningu fyrir Huldu Sólrúnu.

- h) Bergþóra: Nýkomin heim úr langri ferð, þakkar Unu og Fríði fyrir að sinna Ungmennaráði í sinni fjarveru. Ungmenning verður á næstunni og fundur ráðsins á morgun.
- i) Skátamiðstöðin: Ársskýrslan er í lokavinnslu. Það er verið að skipta um forrit fyrir félagatal, fara yfir í Nóra sem flest íþróttafélög og mörg sveitarfélög nota. Vonast til að flutningi á gögnum verði loki fyrir vorið svo hægt sé að nýta kerfið og kenna á það fyrir sumarið. Eva Rós Sveinsdóttir hefur hætt störfum hjá BÍS og eru henni þökkúð vel unnin störf.

### **Meginviðfangsefni 1:**

- 4) Fjárhagsáætlun – ákveðið að fundarmenn skoði sína hluta og leiti skýringa sé þeirra þörf. Verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundum.
- 5) Rekstraráætlun – ákveðið að fundarmenn skoði sína hluta og leiti skýringa sé þeirra þörf. Verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundum.
- 6) Starfsáætlun – samþykkt með breytingum. Uppfærð áætlun verður send til stjórnarmanna.

### **Meginviðfangsefni 2:**

- 7) Dagskrá félagsforingjafundar 13. febrúar.  
Drög að dagskrá samþykkt. Félagforingjar hvattir til að koma með fleiri tillögur að efni á fundinn.

### **Félagforingjafundur 13. febrúar 2016 í Skátamiðstöðinni kl. 10-17**

- 1. Staða skátafélaganna
  - a. Frásagnir félagsforingjanna – etv. senda nokkra punkta um hvað væri gott að heyra um úr starfinu. Fríður mótast nánar.
- 2. Brottfall úr skátastarfi
  - a. Fara yfir brottfallsskýrslu frá Möggu Völu og ræða hvernig við getum brugðist við
- 3. GSAT gæðavottun BÍS
  - a. Niðurstaða vottunar og hvað hún þýðir fyrir BÍS
- 4. Næstu skref í stefnumótun BÍS
  - a. Hvaða verkefni eru á dagskrá BÍS 2016
- 5. Skátapening 2016
  - a. Ræða tilhögun dagskrár
- 6. Landsmót skáta 2016
  - a. Mótstjórn kynnir mótið
  - b. Mótstjórn situr fyrir svörum
- 7. World Scout Moot 2017

- a. Mótstjórn kynnir aðkomu íslenskra skáta
  - b. Mótstjórn situr fyrir svörum
  - c. Farastjórn kynnir þátttöku íslenskra skáta
  - d. Fararstjórn situr fyrir svörum
8. Önnur mál

### **Afgreiðslumál:**

- 8) Ársskýrslan – sýniseintak lagt fram til kynningar. Ábendingar berist fyrir næsta fund.
- 9) Rekkaskátar – starfsgrunnur. Vinnuhópur hefur lokið störfum og lagt gögn fram til samþykktar. Stjórn þakkar vinnuhópnum fyrir vel unnin störf. Ákveðið var að senda handritið til ungmennaráðs og það beðið að lesa yfir og senda feed-back til stjórnar og fræðsluráðs **FYRIR** 1. febrúar. Gögnin verða afgreidd á næsta stjórnarfund. Að því loknu verður málið unnið áfram í umbrot og prentun. Leiðabók – rammi fyrir skáta á yngri árum – dreka- og dróttskátastarf. Æskilegt er fyrir unga skáta að hafa eitthvert verkfæri/bók til að halda utan um eigið starf. Bragi leggur til að ungmennaráð, dagskráráð og fræðsluráð ræði um mögulega mótun á efninu og framsetningu.
- 10) Skipun rekka- og róver ráðgjafa. Auglýst var eftir ráðgjafa í skátamálum og frestur er til 30. janúar. Gróf lýsing á starfinu er komin og erindisbréf verður þróað í framhaldinu.
- 11) Grunnur að sniðmáti fyrir ýmsar útsendingar frá skátum og skátafélögum (s.s. fundargerðir, skýrslur, foreldrabréf ofl.) er komið, lagt fram og samþykkt. SÁ er að vinna mastersglæsur ásamt myndum.
- 12) GSAT gæðavottun  
Stjórn BÍŚ ákvað snemma á síðasta ári að þiggja boð um að gerð væri alþjóðleg gæðaúttekt á starfi Bandalagi íslenskra skáta (BÍŚ). GSAT (Global Support Assessment Tool) gæðaúttektinni er ætlað að sýna hversu vel starfsemi BÍŚ samræmist alþjóðlegu skátastarfi WOSM (World Scout Movement). Úttektinni er einnig ætlað að spegla hvar BÍŚ er stött miðað við skátastarf í öðrum löndum, sýna styrkleika BÍŚ og hvar má bæta starfið og leggja til hugmyndir um aðgerðir í þeim efnum. Úttektin styður BÍŚ í að samræma starfið alþjóðlegu skátastarfi.
- Mikil undirbúningsvinna var allt sl. ár í að fara yfir tékklista og skoða starfsemi BÍŚ. Að öðrum ólöstuðum þá báru Jón Þór Gunnarsson stjórnarmaður og Júlíus Aðalsteinsson félagsmálastjóri BÍŚ hitann og þungann af undirbúningsvinnunni og þakkar stjórn BÍŚ þeim vel unnin störf.

Niðurstöður úttektarinnar eru þær að BÍS er í hópi 10% bestu landa í úttektum á skátahreyfingunni í heiminum, með 76,9% niðurstöðu. Rekstrarkröfum WOSM er fullnægt á öllum sviðum.

Þessi niðurstaða er mikið ánægjuefni og gefur skýr skilaboð um að skátastarf á Íslandi er á réttri leið. Vinnunni er hins vegar engan veginn lokið, úttektin er upphafið að vinnu við að bæta skátastarf, vinna með athugasemdir úr úttektinni og halda áfram á sömu braut. Margt af því sem fram kom í úttektinni að mætti bæta er nú þegar komið inn í aðgerðaráætlanir fyrir næsta ár.

### 13) Önnur mál

- a) Samskiptabrestur vegna kynninga á landsmóti skáta. Svo virðist sem skátafélög fái ekki staðfestingu á því hvort BÍS verði með umbeðnar landsmótskynningar. BÍS starfsfólk þarf að laga ferli innanhúss.
- b) Næsti fundur verður 3. febrúar.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 19:52

Fundargerð ritaði SÁ.